

# Hverfisráð Hríseyjar

## 147. fundur

Þriðjudaginn 5. október 2021 kl. 20:30 var haldinn 147. fundur hverfisráðs í Hlein. Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Júlía Mist Almarsdóttir og Ólafur Búi Ólafsson. Sóley Björk Stefánsdóttir bæjarfulltrúi og Ingibjörg Zophoníasdóttir þjónustufulltrúi Akureyrarbæjar í Hrísey voru áheyrnarfulltrúar fyrir hönd Akureyrarbæjar.

## Dagskrá:

### 1. Staða á verkefnum

- a. Grillhús: Vinnudagur verður boðaður næsta laugardag þar sem haldið verður áfram með smíði á grillhúsinu á hátíðarsvæðinu.
- b. Hátíðarsvæði: Hverfisráð hefur óskað eftir að lagður verður stígur yfir hátíðarsvæðið, þarfnast frekari umræðu á næsta fundi með umhverfis- og mannvirkjasviði (UMSA).
- c. Sjósondaðstaða: Frágangur var ekki kláraður við nýja stigann, þarfnast úrbóta. Frekar rætt á næsta fundi með UMSA.
- d. Ljósleiðari: Höfum óskað eftir nýjum upplýsingum varðandi stöðu á ljósleiðaraverkefninu. Mikil eftirvænting að fá ljósleiðara í eyjuna sem mun án efa skapa ýmiss ný tækifæri.

### 2. Mál sem þarf að fylgja eftir

- a. Skipulagsmál: Bréf hefur verið sent á skipulagssvið með nokkrum málum sem bæjarráð hefur vísað á skipulagssvið en ekki borist svör við. Meðal annars viljum við fylgja eftir fyrirspurn um skipulag fyrir hafnar- og miðsvæði í Hrísey sem tekið var fyrir á 138. og 140. fundi hverfisráðs og fyrirspurn um niðurfellingu á gatnagerðargjöldum sem bókað var á 145. fundi. Sviðsstjóri skipulagssviðs svaraði bréfinu og hefur boðað fund um málefnið.
- b. Flokkunarsvæði: Bréf hefur verið sent á umhverfis- og mannvirkjasvið varðandi eldri erindi er varða merkingar á flokkunarsvæði og ósk um að nytjagámi verði komið fyrir á flokkunarsvæðinu sem bókað var á 138. fundi hverfisráðs. Verður rætt á næsta fundi hverfisráðs með UMSA.

### 3. Cittaslow

Ingibjörg þjónustufulltrúi hefur haft umsjón með vinnu við að senda inn umsókn Hríseyjar um aðild að Cittaslow samtökunum. Búið er að senda inn umsóknina sem hefur verið tekin fyrir og samþykkt af samtökunum. Fengum við til baka lista með matsatriðum sem við þurfum að fara yfir og meta stöðu Hríseyjar gagnvart kröfum frá Cittaslow. Ákveðið að boða til annars fundar þar sem farið verður yfir listann og framhald á vinnunni ákveðið.

#### 4. Markaðssetning á búsetu í Hrísey

Ingólfur og Júlía áttu fjarfund með Jóni Þór Kristjánssyni, verkefnastjóra upplýsingamiðlunar hjá Akureyrarbæ 28. september, og ræddu aðkomu Akureyrarbæjar að hugmynd hverfisráðs um markvissa markaðssetningu á búsetu í Hrísey. Hugmyndin er að taka saman á einn stað gagnlegar upplýsingar fyrir þá sem eru áhugasamir um að flytja til Hríseyjar sem einnig má nota til dæmis þegar auglýsa þarf laus störf eða húsnæði. Mjög jákvæður fundur, vel tekið í málefnið og framhaldið spennandi.

#### 5. Önnur mál

##### a. Fundartími

Ákveðið að færa fundardaga hverfisráðs yfir á fyrsta miðvikudag hvers mánaðar þar sem sá tími hentar bæjarfulltrúum betur. Næsti fundur áætlaður miðvikudaginn 3. nóvember.

##### b. Heimsókn í ráðhús

Ingólfur, Júlía og Ásrún Ýr varamaður fóru í heimsókn í ráðhúsið 29. september, fengu skoðunarferð um húsið, ræddu við starfsfólk og áttu góðan fund með Ásthildi bæjarstjóra og Ragnari Hólmi aðstoðarmanni hennar. Færum við þeim þakkir fyrir móttökurnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 22:00.

Ingólfur Sigfússon  
Júlía Mist Almarsdóttir  
Ólafur Búi Ólafsson

Fundargerð rituð af Ingólfi Sigfússyni